



CCU

Crohn's og Colitis Ulcerosa samtökin

FRÉTTABRÉF | 5. TBL - 15. ÁRG | NÓV. 2019

FUNDARBOÐ 19. NÓVEMBER KL. 20:00

VESTRÆN & AUSTRÆN LÆKNISFRÆÐI

Fyrirlesari á næsta fræðslufundi verður Þórunn Birna Guðmundsdóttir nálastungu-sérfræðingur eða akupunkturisti. Hún útskrifaðist með Mastersgráðu árið 2002 frá Californíuríki og vann bæði á háskóla-skjúkrahúsi UCLA og á afvötnunarstöð Daniel Freeman Hospital meðfram námi. Eftir námið rak Þórunn eigin stofu hér á landi í 8 ár þar sem hún bauð uppá nálastungur, cupping, gua sha, næringar- og jurtaráðgjöf. Haustið 2011 hóf Þórunn doktorsnám í austrænum læknisfræðum og vann hjá mjög virtum læknum meðfram námi með bæði vestrænar og austrænar lækningar sem bakgrunn, ásamt því að vera í rannsóknarstörfum til haustsins 2014. Þórunn mun vera eini Íslendingurinn sem hefur lokið doktorsgráðu í sínum fræðum eftir 6 ára nám frá virtum háskóla í Bandaríkjunum.



Fundurinn er sameiginlegur með Stómasamtökunum og verður í sal Vistor Hörgatúni 2, Garðabæ og hefst kl. 20:00. Eitthvað gómsætt verður á boðstólum og við hlökkum til að sjá sem flesta!

FRÉTTIR

AÐALFUNDUR ÖBÍ

CCU samtökin eiga rétt á þremur fulltrúum á aðalfund ÖBÍ sem fór fram 4. til 5. október síðastliðinn. Elísabet, Edda og Rúrí sátu fundinn fyrir hönd félagsins og var hann mjög góður, allt skipulag og framkvæmd til fyrirmyndar og góður andi ríkti í salnum.

Hefðbundin aðalfundastörf voru á dagskrá og Þuríður, núverandi formaður var endurkjörin einróma án mótframboðs. Edda bauð sig fram sem varamaður í laganefnd ÖBÍ og var kjörin.



ERLENT SAMSTARF

CCU er aðildarfélag að EFCCA sem eru regnhlífasamtök 39 sjúklingasamtaka víðsvegar um heiminn.

Þann 18. til 19. október síðastliðinn sat Edda fund á vegum ECCO, (Evrópusamtök meltingarlækna) og á þeim fundi var meðal annars var farið yfir samstarfsverkefni ECCO og EFCCA.

Í lok þessa mánaðar hefst síðan vinna við eitt verkefni á vegum ECCO. Það eru svokallaðar "Patient guidelines" en þær eru hugsaðar fyrir lækna. Fyrr á þessu ári lauk vinna við samsvarandi leiðbeiningar fyrir Crohn's sjúkdóminn og nú er komið að yfirferð fyrir Colitis Ulcerosa.

Búið er að velja í vinnuhóp sjúklinga og Edda er þátttakandi þar ásamt fulltrúum frá Bretlandi, Finnlandi, Rúmeníu, Sviss og Tékklandi. Spennandi verkefni sem gaman verður að sjá hvernig þróast.



UNGLIÐAR

Þann 9. október síðastliðinn hélt Ungliðahópur CCU fyrsta hitting vetrarins og var ferðinni heitið í mat á Shake & pizza og í keilu. Alls mættu 12 manns á fundinn, sem er þrusu mæting sem við vonumst til þess að sjá áfram.

Á fundum Ungliðahópsins hittist ungt fólk með Crohn's sjúkdóm og Colitis Ulcerosa og á góða stund saman. Næsti hittingur hópsins verður í lok nóvember og verður hann auglýstur þegar nær dregur.

Ungliðahópur CCU er á Facebook og er opinn öllum á aldrinum 16-30 ára sem eru með Crohn's og Colitis Ulcerosa.

SPAKMÆLI MÁNAÐARINS

Hrukkur eiga aðeins að gefa til kynna hvar brosið hefur haft aðsetur.

Ethel Barrymore

CCU SAMTÖKIN | PÓSTHÓLF 5388 | 125 REYKJAVÍK | TALHÓLF 871 3288 | CCU@CCU.IS | WWW.CCU.IS

Formaður Edda Svavarsdóttir | Gjaldkeri Hulda Björg Þórðardóttir | Ritari Sóley Veturliðadóttir | Meðstjórnendur Elísabet Sverrisdóttir og Kristvín Guðmundsson
Varamenn Hrefna Björk Jóhannsdóttir og Sigurborg Sturludóttir | Ungliðatengiliðir Raket Ýr og Tinna | Vefstjóri Svavar Kjarrval